



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 18. mars 2019

USK2018100003

5.2

Borgarráð

Pingholt, torg. Týsgata endurgerð.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við endurgerð Óðinstorgs og Týsgötu að hluta.

Kostnaðaráætlun 2 vegna þessara framkvæmda er 300 mkr.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist í maí og að þeim ljúki í september 2019.

Greinargerð:

Endurnýjun Óðinstorgs er hluti af verkefninu "Pingholt, torgin þrjú." Um er að ræða Baldurstorg, Freyjutorg og Óðinstorg.

Framkvæmdir við endurgerð Freyjutorgs fóru að mestu fram á árinu 2018 og verður lokið við þær að fullu á þessu ári. Á Baldurstorgi er "torg í bið" og unnin hafa verið drög að fullnaðarhönnun. Framkvæmdir á Óðinstorgi felast í endurnýjun yfirborðs á torgsvæði og hluta götu. Komið verður fyrir setpöllum, stökum sætum, leikhólum, pollum og hjólagrindum. Framkvæmdir í Týsgötu fela í sér endurnýjun yfirborðs götu og göngusvæða auk gróðursetningar. Verkið er samstarfsverkefni með Veitum ohf sem endurnýja fráveitulagnir, hitaveitu, kalt vatn og raflagnir.

Til viðbótar framangreindum torgum hefur einnig verið unnið að lagfæringum/endurbótum á Káratorgi.

Kostnaðaráætlun 1 vegna framkvæmda 2019: 300 mkr.

Kostnaðaráætlun 2 vegna framkvæmda 2019: 300 mkr.

Kostnaðarstaður: 3105.

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Áfallinn kostnaður 2013-2018: 107 mkr.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

Yfirlitsmynd



ÓÐINSTORG ÓÐINGATA TÝSGATA | ENDURGERÐ

